



FUNDARGERÐ 3. FULLTRÚARÁÐSFUNDAR laugardaginn 3. febrúar 2018

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundur settur.
2. Forseti RTÍ setur fundinn.
3. Kosning fundarstjóra.
4. Val fundarritara.
5. Andakt
6. Lögmæti fundarins kannað.
7. Fundargerð 2. fulltrúaráðsfundar RTÍ borin upp til samþykktar.
8. Ávarp landsforseta RTÍ.
9. Skýrsla IRO um erlenda fundi.
10. Yfirlit gjaldkera RTÍ.
11. Vefstjóri.
12. Ritstjóri
13. Skýrsla formanna klúbba.
14. Framboð til landsstjórnar: Varalandsforseti.
15. Framboð til landsstjórnar; IRO.
16. Framboð til landsstjórnar: Vefstjóri.
17. Framboð til landsstjórnar: Siðameistari.
18. Kosning.
19. Lagabreytingatillögur.
20. Niðurstaða kosninga.
21. Önnur mál
22. Fundi slitið.

1. Fundur settur.

2. Forseti RTÍ setur fundinn.

Baldvin Samúelsson, landsforseti RTÍ setti fundinn.

Flóvent les einkunnarorð Round Table Ísland.

Bræður ofar öllu

3. Kosning fundarstjóra.

Borið er undir fund samþykki á fundarstjóra, Guðbjarna Guðmundssyni OT13. Hann er samþykktur með dýnjandi lófataki.

4. Val fundarritara.

Borið er undir fund samþykki á fundarritara, Árna Heiðari Guðmundssyni, og hann er samþykktur með dýnjandi lófataki.

5. Andakt.

Fundaritari óskar eftir Andakt sem Þorgils Þorgilsson siðameistari flytur.

6. Lögmæti fundarins kannað.

Kynningarhringur er farinn og kynna fulltrúar sig.

Siðameistari RT7 situr í umboði varaformanns

Hafþór situr í umboði formanns í RT11.

RT14 er gjaldkeri í umboði formanns.

Inn kemur Jón Hákon haldandi á „bróður“ sínum, Vigni Halldórssyni.

Siðameistari gengur um og sektar menn vegna áfengisleysis og lélegra umboða. Hann sektar Baldvin fyrir að hvetja til minni áfengisnotkunar.

Landsstjórn er sektuð fyrir risaklúður vegna tímasetningar á fundinum, hver og einn um 3.000 kr. en Baldvin um 5.000 kr. fyrir auka væl.

Jón Hákon sem situr í umboði fyrir varaformann RT12 er með uppsteyt og mikið hlegið.

7. Fundargerðir 2. fulltrúaráðsfundar RTÍ bornar upp og samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar er borin upp og samþykkt.

Athugasemdir voru að einhver annar hafði drukkið Buffaló en tilgreint var í fundargerð.

8. Ávarp landsforseta RTÍ.

Ávarp landsforseta Baldvins Samúelssonar.

Hann ber fyrst upp kveðjur frá LC um kærleika, vináttu og hjálpssemi.

Guðjón, formaður RT7, skilar kveðju frá fæðingardeildinni.

Klappað er fyrir þeim sem bjóða sig fram til að sinna embættum á vegum RTÍ.

Hann er mjög ánægður með mætingu þrátt fyrir vesen á dagsetningu.

9. Skýrsla IRO um erlenda fundi.

Jón Ísleifsson kynnir hvernig Near meeting í Silkeborg gekk. Einnig fer hann létt yfir erlenda starfið og styrki sem hægt er að nálgast til að fara á erlenda viðburði. Hann fer yfir næsta HYM til Belgíu. Einnig kynnir hann fund RTI á Sri Lanka.

10. Yfirlit gjaldkera RTÍ.

Næstur í pontu er Guðjón gjaldkeri landsstjórnar. Hann kynnir hvernig fjármál landsstjórnar ganga. Einnig fer hann yfir frábæran árangur sjoppustjóra í rekstri á sjoppunni sem hefur farið úr að eiga 50 þúsund krónur og upp í 250 þúsund krónur.

Bræður ofar öllu

11. Vefstjóri.

Reynir vefstjóri kemur í pontu og fer yfir vefmál. Hann afsakar hnökra í starfi sínu sem vefstjóri. Einnig fer hann yfir hvernig "online vision" gengur. Hann óskar eftir upplýsingum frá félögum um gamla formenn og annað sem gott væri að setja í gagnagrunn.

12. Ritstjóri.

Logi ritstjóri kemur í pontu og ræðir um hlutverk sitt. Hann telur vera þörf á að yfirfara síðareglur, laga þær til og samræma. Hann óskar eftir efni frá félögum sem farið hafa í ferðir á vegum félagsins til að gera það aðgengilegra. Einnig vill hann að efnið geymist betur með því að setja það á heimasíðuna okkar. Þá er efnið líka aðgengilegra svo auðvelt er fyrir nýliða að sanka að sér frekari upplýsingum um hreyfinguna og kunngera sér betur starfið. Það gæti hjálpað til við nýliðun. Hann kvartar yfir því að landsstjórn sendi ekki inn fleiri greinar vegna allra ferða sinna.

Hann auglýsir eftir greinum sem formenn hvers klúbbs eiga að senda inn árlega.

Fundarstjóri óskar eftir sjoppustjóra sem er ekki enn mættur.

13. Skýrsla formanna klúbba.

Skýrslur klúbba eru bornar upp.

RT1: 24 skráðir, 37 ára meðalaldur. 25 skráðir, átta að fara á Euro-meeting. Enginn í leyfi.

RT2: 15 skráðir, klúbbur að yngjast, taka inn nokkra meðlimi í vor. Meðalaldur 35 ár.

RT3: Þórir Skarphéðinsson formaður 3 tekur til máls. 19 skráðir, 4 í leyfi, meðalaldur er 35,666 ár. Segir stuttlega frá starfi klúbbsins eins og kynlífstækjakyningum, fyrirtækjakyningum og öðru.

RT4: 16 meðlimir og meðalaldur 34 ár.

RT5: 29 meðlimir og meðalaldur 27 ár. 4 nýir á þessu ári. Mjög góður andi í hópnum. Taka bara inn nýliða sem hafa áhuga á starfinu. Starfið gengur svakalega vel. Telur að það að ýta mönnum út í landsstarf og erlent starf hjálpi ekki til við nýliðun. Nýliðun snúist um það að sýna mönnum að þetta er skemmtilegt.

RT6: 24 meðlimir, 4 nýliðar, 34 ára meðalaldur.

RT7: 18 meðlimir meðalaldur er 37,8 ár. Líklega tveir nýir að detta inna. Eru að skipuleggja árs hátíð á fullu.

Jóhann sjoppustjóri gengur í salinn undir dynjandi lófataki.

RT8: 20 meðlimir, 38,3 ár meðalaldur. Einn bætist við á næstunni sem lækkar meðalaldur um 1 ár. Hann minnst fráfalls Halldórs sem féll frá á síðasta ári.

RT10: duglegir að fara í fyrirtækjaheimsóknir. 17-23 að mæta á fundi, einn nýr, einn á leiðinn og einn gamall sneri aftur. 41 ár í meðalaldur.

RT11: eru með númeramót á árinu. Hann þakkar fyrir stuðninginn vegna erfiðs ár eftir EMATM.

RT12: Stjórnuskoðun, Fyrirlestur John Snorra, Jólaljósrmökkun, danslæfingar og margt fleira. 20 meðlimir, 1 í leyfi, 35 ára meðalaldur. 3-5 nýir á ári er markmiðið og gengur það ágætlega.

RT14: 10 félagar allir virkir, 3-4 áhugasamir, meðalaldur 39 ár.

RT16: 18 félagar, 3 í leyfi. Meðalmæting 10, meðalaldur 36,5 ár.

Sjoppustjóri tekur til máls. Úrval hefur minnkað en gegnumflæði vöru er meira, ergo það sem við viljum er til. Staðan var 84 þús, búið er að kaupa vörur fyrir 150 þús en samt eru til vörur fyrir 250 þús til viðbótar sem er gríðarlega jákvæður viðsnúningur.

Bræður ofar öllu

Jón Ísleifsson er með viðbót við ræðu sjoppustjóra um að fleiri þurfi að versla við sjoppuna, sérstaklega klúbbar. Kaupa allt RT dót frá sjoppu.

Sigurður Hafliðason formaður RT12 er tekinn fyrir af siðameistara vegna aldurs þar sem hann er 46,5 ára gamall. Sigurður afsakar sig sem síðasta Móhíkanann.

Þorgils óskar eftir gjaldkera til að sekta. Sektir verða ekki háar vegna mikillar ánægju með aðstöðu siðameistara á fundinum, þá sér í lagi ilmkerið á borðinu.

Guðbjarni tekur til máls og óskar eftir því að nýir menn í salnum kynni sig.

14. Framboð til landsstjórnar: Varalandsforseti.

Eftir uppkast er ákveðið að Þórmundur RT1 byrji með sína ræðu. Hann talar um sínar hugmyndir um að leggja áherslu á að klúbbar heimsæki hvern annan til að bæta fjölbreytileika. Honum finnst vel að verki staðið í alþjóðastarfinu og vill halda uppi sama metnaði þar og verið hefur.

Næstur í pontu er hitt varaformannsefnið, Ingþór í RT8. Hann talar um góða starfið í klúbbunum sem hann hefur heimsótt um landið. Hann talar um að sinna sjálfum okkur til að bæta góðgerðastarfið. Hann hvetur menn til að senda menn á fleiri fundi utan síns klúbbs til að efla starf RTÍ.

15. Framboð til landsstjórnar: IRO.

Fyrstur í pontu er Georg Fannar RT5. Hann hefur verið í hreyfingunni síðan 2011 og hefur mætt á 17 af 19 fulltrúarárðsfundum síðan hann byrjaði. Hann hvetur menn til að kynna sér erlend starfið og kíkja á fundi þar. Hann vill hjálpa nýjum mönnum við að skipuleggja ferðir sínar erlendis. Hann hótar mönnum úr RT7 og RTHúsavík því að ekkert far sé til baka ef enginn verða atkvæðin. Hann vill ekki ganga á tekjur RT12 vegna áfengissölu með því að gefa áfengi og heldur því fyrirpartý fyrir kvöldið. Ingþór kemur með spurningu um hvort komi til greina að kynna alþjóðlega starfið með því að kíkja í aðra klúbba. Hann tekur undir með spyrjanda og vill endilega kíkja í klúbba til að kynna starfið betur. Hann vil uppfæra calendarinn á íslensku síðunni með því að færa þar inn erlenda viðburði.

Jóhannes RT16 tekur næst til máls. Hann kemur frá Djúpavogi. Hann talar um hvað það verðu erfitt þá útskýra fyrir konunni að hann sé að fara til Sri Lanka. Hann skálar með mönnum. Ingþór ber upp sömu spurningu aftur. Hvort hann sjái fyrir sér að opna á erlenda starfið í klúbbum innanlands með því að kíkja á klúbbanna. Jóhannes talar um að hann sé mjög opinn fyrir þeim valmöguleika.

Síðasta framboð til IRO er Sigurður Grétar Viðarsson RT8. Hann tekur til máls og kynnir starf sitt og hvað hann hetir. Hann er stutturður. Halldór RT11 spyr spurningar um hvort hann hafi farið á erlendan viðburð. Hann svara neitandi er ber þó fyrir sig að hann sé mjög duglegur þá taka á móti erlendum gestu msem koma hingað til lands. Sama spurning og áður frá Ingþóri. Sigurður svara á sama hátt og aðrir með því að taka vel í að kíkja á aðra klúbba til að kynna starfið.

Klukkan er 12:00. Hálfími í mat og fundarstjóri vill færa til í dagskránni til að nýta tímann.

16. Framboð til landsstjórnar: Vefstjóri.

Davíð RT5 sem býður sig fram sem vefstjóri tekur til máls. Hann er á öðru ári og er mjög áhugasamur. Hann hvetur alla til að hjálpast að við að ritstýra vefnum og bæta efni sem þar er að finna.

17. Framboð til landsstjórnar: Siðameistari.

Jóhannes tekur til máls fyrir Sigurjón úr RT16 sem býður sig fram sem siðameistari RTÍ.

Bræður ofar öllu

Hafþór Snorrason tekur til máls sem frambjóðandi til siðameistara. Hann segist ekki ætla að vera eins og kelling í pilsí vafrandi um með hunda. Einnig lofar hann því að vera alltaf kominn með bjór fyrir klukkan 10. Ingbór spyr hvernig hann ætli að kynna embættið betur. Hafþór segist ætla að vera með Facebook síðu.

Viðar úr RT1 tekur máls sem nýr frambjóðandi í Siðameistari RTÍ. Hann fer fögrum orðum um siðameistara og lofar því að vera í pilsí líkt og forveri sinn. Hann talar um stór fótspor sem þarf að fylla í og ætlar hann að gera sitt besta til að fylla í þau fótspor. Ingbór spyr hvernig upphæðum á sektum til Forseta og varaforseta verði háttáð, þá hvort það sé réttlætlegt að hafa þær hærri en á aðra. Spurning úr sal um hvort það muni stíga honum til höfuðs að vera siðameistar. Hann hafnar því en viðurkennir þó að slíkt gæti gerst, að lokum lofa hann engu um hvort þetta stígi honum til höfuðs eður ei.

Þorgils efast um réttmæti framboðs Hafþórs til siðameistara þar sem embættið sé til tveggja ára en hann verði bara í hreyfingunni í eitt ár í viðbót. Þorgils sektar sjálfan sig um 10 þús vegna þessara mistaka sinna.

Guðbjarni óskar eftir fleiri framboðum til siðameistara sem koma ekki.

Hlé gert á fundi vegna hádegismatar klukkan 12:30.

Fundur aftur settur klukkan 13:00.

Þorgils byrjar fundinn með miklum látum þar sem einhver hefur stolið flautunni hans.

Fyrrum formaður gengur í salinn.

Þorgils finnur sökudólgana sem eru formenn og varaformenn RT4 og sektar hann duglega.

Sökudólgarnir enda á nærklæðum en þó í skóm.

Óbreyttur meðlimur situr við fulltrúaborðið, kemur í ljós að hann er handjárnaður við fulltrúa RT5. Handjárnin verða ekki leyst og því mun óbreytti meðlimurinn sitja á gólfinu.

Þorgils tekur aftur til máls. Hann hrósar RT12 fyrir umgjörðina og mikinn metnað við umgjörð. Þeir eru sektaðir um samtals 20 þús krónur fyrir mikinn metnað og góða umgjörð.

18. Kosning.

Þorgils kys sér aðstoðarmenn við kosninguna sem eru Guðmundur Jóhannsson úr RT6 og Einar úr OT.

Kjörseðlum er dreift um salinn.

Fulltrúar ganga til kosninga og byrjað er að kjósa um varaforseta. Næst eru kjörseðlar fyrir IRO látnir ganga.

Guðbjarni óskar eftir málum sem falla undir önnur mál. Ekki fleiri berast inn. Fundur verður því líklega stuttur.

RT11 sækir um 3. fulltrúaráðsfund 2019. Formaður þeirra kemur og heldur tölu. Engin mótframboð berast og því mun fundurinn verða í Vestmannaeyjum að ári.

Þorgils kynnir góðgerðarmál fundarins

19. Lagabreytingatillögur.

Jón Ísleifsson tekur til máls og kynnir lagabreytingartillögur. Tillagan er um að leggja skal niður embætti ritara og vefstjóra og stofna í stað þeirra eitt embætti ritara sem yrði embætti innan landsstjórnar. Embættið tekur yfir öll embættisverk vefstjóra og ritstjóra. Lagt er til að kostnaður sem hefur minnkað

Bræður ofar öllu

vegna IRO verði notaður til að vinna gegn kostnaðaraukningu landsstjórnar. Baldvin tekur til orðs og leggur áherslu á skyldur sem fylgja þessu nýja embætti. Spurning úr sal frá meðlim RT1 er hvort þetta verði ekki of mikið lagt á eitt embætti. Jón þvertekur fyrir það. Breytingin sé liður í því að samræma störf RTÍ og RTI.

Formaður RT3 pantar sér 2 skot frá siðameistara, það voru dýr skot.

Enn er Jón í pontu og mælist fyrir nýrri lagabreytingu um það að varaformaður geti útteilt sjálfri ritun funda til meðlims RTÍ sem er vel að sér í málefnum RTÍ

20. Niðurstaða kosninga.

Daníel er sjálfkjörinn ritari Round Table. Hann er kosinn með dynjandi lófataki.

Þorgils tekur til máls og kynnir niðurstöður kosninga til siðameistara. Niðurstaðan var sú að Viðar, RT1 tekur þær kosningar.

Næst er niðurstaða kosninga til IRO: Georg Fannar, RT5 sigraði þær kosningar með naumindum. Kosningar um Varaforseta RTÍ 2018 var gríðarlega jöfn og sigurvegari er Þórmundur Helgason, RT1.

Þorgils óskar eftir umboði til að eyða kjörgögnum sem honum er veitt.

21. Önnur mál.

1. Guðbjarni kynnir Þorgils í pontu í fyrsta lið af Öðrum málum.
2. Næst á dagskrá er hver vann ferðabíkarinn. Hann hlaut RT5.
3. Best klæddi klúbburinn er næst og sigurvegarar þar eru RT1.
4. Næstur er í pontu Jóhannes úr RT16 sem minnir á fulltrúaráðsfund þeirra á Eskifirði. Fyrst átti að halda fundinn á Reyðarfirði en breyting hefur orðið þar á.
5. Næstur í pontu er formaður RT5 Auðunn. Hann minnir menn á að ekki sé leyfilegt að valda eignapjöllum þegar hlutum er stolið.
6. Næstir í pontu eru RT7 sem kynnir AGM fund þeirra sem verður 4-6 maí. Fundurinn verður í Skautahöllinn á föstudegi og er haldinn með LC1.
7. Baldvin tekur til máls og minnir á sameiginlegan fund RT og OT þann 14. Febrúar.
8. Jón Ísleifsson tekur aftur til máls og segir frá framgangi handbókar RTÍ.
9. Guðmundur Jóhannsson formaður Veiðifélagsins næst til máls og kynnir fund sem er á næstu vikum hjá veiðiklúbbum. Einnig segir hann frá þeim áætlunum klúbbsins um að stofna til sér deildar innan klúbbsins sem lýtur að skotveiði.
10. Guðjón gjaldkeri tekur til máls og óskar eftir því að menn greiði auglýsingagjöld sem eftir á að greiða.
11. Næstur tekur til máls Sigurður Hafliðason formaður RT12 og minnir á ball kvöldsins sem verður heldur vel í lagt en hljómsveitin Dalton spilar fyrir party.

22. Fundi slitið.

Bræður ofar öllu